

1862. þýðinguna hér í bænum, og sem þér síðar munuð fá vísbending um hvað mikið verður, með öðrum kostnaði við alþingi 1861, og ásamt honum að endurgjalda ríkissjóðnum með niðurfjöfnun á Ísland.

28. febrúarm. **76. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um hafnartaxta fyrir Reykjavík.**

Með bréfum yðar, herra stiptamtmaður, 28. októberm. og 19. nóvemberm. f. á. hefir dómsmálastjórnin meðtekið bæði bænarskrá frá mestum þorra verzlunarmanna í Reykjavík um, að töluvert verði lækkaður hafnartaxti sá, sem innanríkisstjórnin samþykkti fyrir kaupstað þenna 12. dag maím. 1855, og einnig nýtt frumvarp til hafnartaxta frá hafnarnefndinni, og er sá mismunur á því frumvarpi og þeim hafnartaxta, sem nú er í gildi, að hafnartollurinn í frumvarpinu er færður niður um hér um bil þriðjung, og að í því er ákvörðun um, að þau skip danskra þegna, sem eru á fiskiveiðum við strendur Íslands, skuli vera undanþegin hafnargjöldum, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eður í annar en sá, er heyrir til afla þeirra eður fiskiveiðum.

Stjórnarráðið leggur nú samþykki sitt á hinn nýja hafnartaxta, er hafnarnefndin hefir stungið upp á, og sendir yður hann aptur með bréfi þessu, ásamt bréfi nefndarinnar og bænarskrá þeirri, sem að ofan er getið; en þar sem ástæður þær, er hafnarnefndin hefir til fært fyrir uppástungum sínum, kunna að virðast benda á, að lækka beri hafnartollinn enn meira en gjört er í frumvarpinu, svo sem og er farið fram á í bænarskránni, þá eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að segja stjórnarráðinu álit yðar um, hvort ekki muni vera ástæða til þessa, og að senda því þá um leið fylgiskjölin aptur.

(Fylgiskjal).

1862.

Hafnartaxti fyrir Reykjavík.**I. Hafnartollur: sk.**

1. Fyrir skip þau, sem mark er á sviðið, eða metin eru til lestatafs, hvort heldur þau eru fermd varningi, tóm, eða hafa seglfestu, gjaldist eptir fullu lestatali þeirra, í hvert skipti er þau leita hafnar, fyrir innsigling og útsigling, ef hvorki er fluttur farmur úr þeim né í á höfninni, þannig:

a. fyrir innanbæjarskip, er þeir menn eiga, sem að staðaldri eru búsettir í bænum og eigi jafnframt hafa heimili annarstaðar, og sè afsalsbréfunum fyrir skipunum þinglýst, skal gjalda 3

b. en fyrir utanbæjarskip, er innanríkismenn eiga, eða þeirra þjóða menn, er jafnrétti hafa innanríkismönnum til verzlunar, skal gjalda 5

2. Nú er skip annaðhvort fermt eða affermt á höfninni, og skal þá auk þess gjalds, sem þegar var getið, hvort heldur sem eru innanbæjarskip, eða utanbæjarskip, er innanríkismenn eiga, eða þeirra þjóða menn, er jafnrétti hafa innanríkismönnum til verzlunar, enn fremur gjalda eptir fullu lestatali þess fyrir hverja lest 11

Þó skal gjald þetta greiða að eins fyrir þau skip, er koma til Íslands, eða halda frá Íslandi, en eigi fyrir þau skip, er flytja varning hafna á milli á Íslandi.

3. Fyrir innanbæjar þiljubáta, sem eigi eru metnir til lestatafs, skal greiða gjald það, sem talið er undir 1. tölulið, sem tveggja lesta skip væru, en eigi utanbæjarmenn þá, skal gjalda sem fyrir 4 lestir. Nú er á smærri skipum varningur fluttur milli bæjarins og annara verzlunarstaða, eða úr skipum þeim eða í, er eigi greiða hafnartoll eptir ákvörðunum þeim, sem nú eru greindar, og skal fyrir þesskonar smáskip gjalda sem fyrir eina lest.

1862.

sk.

Liggi skip á höfninni lengur en 6 vikur, þegar með taldir eru bæði komudagur og burtfaradagur, og eiga utanbæjarmenn eða útlendingar, og eigi það sér stað einhverntíma frá 15. degi marzmánaðar til 14. dags desembermánaðar, og sé hvor þessara daga með talinn, gjaldist $\frac{1}{84}$ af gjaldi því, sem talið er undir 1. tölulið fyrir hvern þann dag, er skip liggur lengur en 6 vikur; nú liggur skip lengur en 6 vikur einhverntíma frá 15. degi desembermánaðar til 14. dags marzmánaðar, að báðum dögum meðtöldum, og skal þá ekkert greiða fyrir það. Nú leggur skip til hafnar fyrir 15. dag desembermán., og heldur fyrst á burtu eptir 14. dag marzmán., þá skal leggja saman þá daga, er það var fyrir 15. dag desemberm. og eptir 14. dag marzm., og skal eptir þeim talið, hvort skipið hefir verið lengur en 6 vikur á höfninni.

II. Auk gjalds þess, er nú var talið, skal enn fremur, þegar svo ber undir, greiða gjöld þau, er hér segir:

1. Strandtollur. Ef skip er lagt upp í fjöruna til að breinsa það eður endurhæta, hvort heldur eru innanbæjarskip eða utanbæjarskip, er eiga innanríkismenn eða þeirra þjóða menn, er jafnrætti hafa innanríkismönnum til verzlunar, þá skal gjalda eptir lestatali skipsins um dag hvern, er það liggur þar, fyrir hverja lest 2
2. Seglfestugjald. Ef seglfesta er flutt úr skipi eða í, hvort heldur eru innanbæjarskip eða utanbæjarskip, er eiga innanríkismenn eða annara þjóða menn, þeirra er jafnrætti hafa innanríkismönnum til verzlunar, skal gjalda eptir lestatali skipsins fyrir hvert lestarrúm 2

Fyrir annara þjóða skip, þeirra er eigi hafa jafnrætti með innanríkismönnum til verzlunar, greiðist gjöld þau, er nú hafa verið greind, með helmings viðbót við gjöld annara þjóða skipa, þeirra er jafnrætti hafa innanríkismönnum til verzlunar; en þær

1862.

Þjóðir teljast eigi hafa jafnrætti innanríkismönnum til verzlunar, sem eptir lögum dags. 15. aprílm. 1854 og auglýsingu stjórnarherra innanríkismálanna, dags. 24. marzm. 1855, eiga að greiða hærra leidarbréðagjald en hið vanalega.

Öll skip, er ríkið á, eru undanþegin hafnargjöldum.

Undanþegin hafnargjöldum eru og öll skip danskra þegna, þau sem eru á fiskiveiðum við strendur Íslands, ef ekki er fluttur neinn farmur úr þeim eður í, annar en sá, er heyrir til afla þeirra eður fiskiveiðum.

Gjöld þau, er áður hafa verið greind, skal og greiða fyrir þau skip, er leita hafnar sökum andviðra, storma eða því um líks.

Nú hefir skip beðið skemmdir á sjó, og leitar til hafnar fyrir þær sakir, og er það þá undanþegið hafnargjöldum ef það flytur að eins í burtu allan þann farm, sem það kom með, hvort sem farmurinn hefir verið úr því fluttur eða hefir verið í skipinu.

Toll þann, sem greindur er undir tölulið I., skal greiða fyrir hvert það skip, er liggur fyrir innan eyjar þær, er um höfnina lykja.

Reykjavíkur hafnarnefnd, 16. dag nóvemberm. 1861.

Á. Thorsteinson. Tærgesen. M. Smith.

Þessi hafnartaxti samþykkist hér með.

í Dómsmálastjórninni 18. dag febrúarm. 1862.

Casse.

77. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um próf í íslenzku. 31. júlím.

Með bræfi 19. maím. þ. á. hefir kirkju- og kennslustjórnin sent dómsmálastjórninni skjal nokkurt, sem nú er aptur sent, frá Konráði prófessor Gíslasyni, en í því fer hann fram á, að próf í íslenzku máli, sem honum hefir verið á hendur falið að halda yfir þeim mönnum, er sækja um embætti á Íslandi en ekki eru Íslendingar, verði haldið í heyranda h'jóði, og að skipaðir verði tveir prófdómendur við próf þetta; getur kirkju- og